

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2026, miðvikudagur 16. september var haldinn 538. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:01 í Hofi, Borgartúni 12-14. Á fundinn mættu: Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Ingunn Rós Kristjánsdóttir, Kristín Kolbrún Waage Kolbeinsdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Róbert Ragnarsson og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Dís Sigurgeirsdóttir, Halla Hallgrímsdóttir, Rannveig Einarsdóttir, Sigprúður Erla Arnardóttir og Randver Kári Randversson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 14. september 2026, um breytingu á niðurgreiðslu fæðis í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk:

Lagt er til að hætt verði að niðurgreiða hádegisverð að fullu fyrir notendur vinnu- og virknimiðstöðva heldur greiði þeir sama verð og starfsfólk borgarinnar greiðir fyrir máltíð í mótuneytum Höfðatorgs og Ráðhúss Reykjavíkur. Þá hafi Reykjavíkurborg milligöngu um að fá tilboð í hádegisverð fyrir þá notendur vinnu og virknimiðstöðva sem kjósa að neyta hádegisverðar í vinnunni. Áætlað er að tekjur muni hækka um 32 m.kr. á ársgrundvelli við breytinguna.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26090049.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn einu atkvæði fulltrúa Samfylkingarinnar.

Fulltrúi Vinstreisins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks, tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Markmiðið er að koma á sanngjarnara og samræmdara fyrirkomulagi, samhliða því að skapa svigrúm til að leggja aukna áherslu á gæði, næringargildi og fjölbreytni matarins. Hingað til hefur hádegisverður verið að fullu greiddur fyrir hluta starfsfólks í vinnu- og virknipjónustu fyrir fatlað fólk, en eftir breytinguna verður greitt 974 kr. fyrir máltíð, sama verð og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar greiðir í mótuneytum borgarinnar. Borgin hættir því ekki niðurgreiðslu heldur greiðir áfram um 35–60% af núverandi kostnaði máltíða, eftir starfsstöð. Mikilvægt er jafnframt að halda því til haga að ekki hefur komið fram andstaða við breytinguna frá þeim starfsstöðum sem hún nær til eða þeim hagsmunasamtökum sem borgin hefur átt samtal við. Útfærslan verður unnin í samráði við notendur og eftir atvikum talsmenn þeirra. Meginatriðið er að breytingin verði nýtt til þjónustuumbóta. Sanngjörn kostnaðarþátttaka á að geta farið saman við góðan, fjölbreyttan og næringarríkan mat. Vinnu- og virknipjónusta á að einkennast af gæðum, valfrelsi og virðingu fyrir þeim sem þjónustuna nýta.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan gerir ráð fyrir að færa 32 milljóna króna árlegan kostnað frá Reykjavíkurborg yfir á 131 fatlaðan notanda þjónustunnar. Þetta er

kostnaðartilfærsla úr sameiginlegum sjóðum yfir á notendur í viðkvæmri stöðu og kemur í kjölfar mikillar hækkunar á matarverði lífeyrisþega. Fyrst var reikningurinn sendur til eldra fólks og nú til fatlaðs fólks sem lýsir pólitískri stefnu nýs hægri meirihluta. Við afgreiðslu ákvörðunar um hækkun á matarverði eldra fólks var málið ekki borið undir öldungaráð og fulltrúar eldri borgara lýstu yfir óánægju með það. Eðlilegt væri að læra af þeirri gagnrýni. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins telja því að ákvörðun skuli frestað þar til notendaráð fatlaðs fólks hefur fengið tillöguna til umsagnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Hér þarf að halda staðreyndum til haga. Reykjavíkurborg mun áfram niðurgreiða máltíðir í vinnu- og virknipjónustu verulega, eða um 35–60% miðað við núverandi innkaupsverð. Notendur greiða 974 kr., sama verð og starfsfólk borgarinnar greiðir í mötuneytum hennar. Núverandi fyrirkomulag er jafnframt ójafnt þar sem sumir notendur fá hádegismat að fullu greiddan en aðrir ekki. Breytingin skapar auk þess tækifæri til að leggja meiri áherslu á gæði, næringargildi og fjölbreytni matarins. Þar sem ekki hefur enn verið skipað í notendaráð fatlaðs fólks hefur starfsfólk unnið málið í samráði við hagsmunahópa. Við útfærslu kaupanna er jafnframt gert ráð fyrir samráði við notendur og eftir atvikum talsmenn þeirra. Varðandi samnburð við matarpjónustu eldra fólks vísast gagnrýnin til föðurhúsanna. Hefði fyrri meirihluti ætlað að fullfjármagna þá þjónustu hefði hann ekki skilið eftir 560 m.kr. samning með aðeins um 260 m.kr. fjárheimild. Núverandi meirihluti þurfti því að bregðast við þeirri stöðu og koma þjónustunni á traustan fjárhagslegan grunn.

2. Fram fer kynning á stöðuskýrslu starfshóps um framtíðarskipan þjónustuíbúða og þjónustuíbúðakjarna Reykjavíkurborgar. Einnig lagt fram erindisbréf starfshópsins, dags. 12. maí 2026. Trúnaðarmál. VEL26050035.

Samþykkt að vísa til umsagnar öldungaráðs.

Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen, verkefnastjóri þjónustuíbúða, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

3. Fram fer kynning á áhrifum flutninga á starfsemi Konukots. VEL26090048.

Soffía Hjördís Ólafsdóttir, deildarstjóri í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka fyrir góða kynningu en starfsfólk á fullt hrós skilið fyrir alla þá góðu vinnu sem lögð hefur verið í breytingarnar og fyrir markvissa eftirfylgni með úrbótaáætluninni. Kynningin gefur jákvæðar vísbendingar um áhrif þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á Konukoti og sýnir mikilvægi þess að þjónustuumbótum sé fylgt eftir með skýrum markmiðum og mælingum. Í kjölfar úttektar á þjónustu neyðarskýla var sett fram úrbótaáætlun. Níu aðgerðum er þegar lokið og þrjár eru enn í vinnslu. Fyrstu niðurstöður benda meðal annars til aukinnar

ánægju starfsfólks og gesta, meiri svefnfriðar og samveru, minni þjófnaðar og betri yfirsýnar. Þá hefur orðið auðveldara að fyrirbyggja atvik og útköllum til viðbragðsaðila hefur fækkað. Sérstaklega vekur athygli þróun í fjölda gesta, en gögn kynningarinnar sýna töluverða fækkun árið 2026 samanborið við 2024 og 2025. Mikilvægt er að greina áfram hvað skýrir þá þróun og að hvaða marki hún endurspeglar árangur breytinganna. Kynningin undirstrikar mikilvægi þess að byggja þjónustuþróun á gögnum, skýrum markmiðum og markvissri eftirfylgni.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Í kynningu kom fram að færri konur þurfi nú að nýta sér þjónustu Konukots en fyrri ár þar sem vel hefur gengið að koma konum úr athvarfinu og í varanlega búsetu. Þetta er afrakstur mikillar vinnu síðustu ára þar sem fókusinn hefur verið á stefnuna húsnæði fyrst sem og skaðaminnkun. Fulltrúi Samfylkingarinnar undirstrikar hversu mikilvægt er að halda áfram á þessari braut til heilla fyrir samfélagið allt en ekki síst þau sem þurfa mest á stuðningi að halda.

4. Lagt fram minnisblað, dags. 4. september 2026, um Miðbæjarathvarf á Menningarnótt. VEL26090050.

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnafulltrúi Reykjavíkurborgar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar starfsfólki Reykjavíkurborgar, lögreglu og nágrannasveitarfélaga fyrir vel unnin störf á Menningarnótt. Öflug og sýnileg viðvera fagaðila stuðlaði að auknu öryggi og samstarfið gekk vel. Áhyggjuefni er þó hversu mikil áfengisneysla ungmenna var og hversu margir voru eftirlitslausir í miðborginni eftir að dagskrá lauk. Sérstaklega þarf að huga að ungmennum undir 18 ára aldri og halda áfram öflugum forvarnarstarfi í samstarfi við foreldra en lykilmáli skiptir að börn séu ekki eftirlitslaus á Menningarnótt. Reynslan sýnir jafnframt mikilvægi Miðbæjarathvarfsins og þverfaglegs samstarfs borgarinnar, lögreglu og nágrannasveitarfélaga. Jákvætt er að fyrirkomulagið gekk vel og mikilvægt að byggja áfram á þeirri reynslu við undirbúning Menningarnæturs að ári.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingarinnar þakkar starfsfólki félagsmiðstöðva og miðstöðva Reykjavíkurborgar og nágrannasveitarfélaganna, sem og lögreglu, fyrir frábært og mikilvægt starf á Menningarnótt. Öflug viðvera þeirra, gott samstarf og fagleg viðbrögð áttu stóran þátt í því að hátíðin fór vel fram. Minnisblaðið vekur þó áhyggjur. Mikill fjöldi eftirlitslausra ungmenna og áberandi áfengisneysla benda til þess að sá góði árangur sem við höfum náð í forvörnum á undanförunum áratugum sé að gefa eftir. Nú er lag að grípa í taumana og gera betur. Við vitum að öflugar forvarnir skila árangri þegar samfélagið tekur höndum saman. Þess vegna þurfum við að styrkja starfið í hverfunum, virkja foreldra og styðja betur við þau sem vinna með börnum og ungmennum á hverjum degi.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Minnisblaðið sýnir glöggð hversu mikilvægar öflugar forvarnir og sýnileg viðvera lögreglu og starfsfólks sveitarfélaganna eru á Menningarnótt. Þótt hátíðin hafi í heild gengið vel var áfengisneysla ungmenna og fjöldi eftirlitslausra barna og ungmenna í miðborginni áhyggjuefni. Það eftirlit og þverfaglega samstarf sem viðhaft var skipti augljóslega miklu máli fyrir öryggi á hátíðarsvæðinu og kann að hafa komið í veg fyrir alvarlegri atvik. Íslenska þjóðin hefur áður náð eftirtektarverðum árangri í forvörnum meðal barna og ungmenna með samstilltu átaki heimila, skóla, sveitarfélaga og lögreglu. Sá árangur sýnir að við getum gert það aftur. Miðflokkurinn telur brýnt að byggja áfram á því starfi. Innan Reykjavíkurborgar eru þegar til staðar bæði stjórnskipulag og fagþekking til að vinna verkefnið. Skóla- og frístundasvið, velferðarsvið og menningar- og íþróttasvið fara öll með mikilvæga þætti forvarnastarfs og eiga að leiða vinnuna í sameiningu.

5. Lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um viðtækar aðgerðir í forvarnarmálum, sem vísað var til meðferðar velferðarráðs, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 8. september 2026. Einnig lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. september 2026. MSS26090031.
Samþykkt að vísa til meðferðar skóla- og frístundaráðs.
6. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um ályktun vegna styrkja til Foreldrahúss, sbr. 22. lið fundargerðar velferðarráðs frá 6. maí 2026. VEL26050032.
Samþykkt.

Velferðarráð leggur fram svohljóðandi ályktun:

Velferðarráð skorar á barna- og menntamálaráðuneytið að styðja við Foreldrahús og tryggja starfsemi þess stöðugan og fyrirsjáanlegan rekstrargrundvöll. Foreldrahús hefur um árabil veitt mikilvæga ráðgjöf, fræðslu og stuðning til foreldra og barna, sem standa frammi fyrir vímuefnavanda. Starfsemi Foreldrahúss er mikilvæg þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra og því er mikilvægt að stjórnvöld viðurkenni þetta hlutverk og tryggi að úrræðið geti áfram sinnt verkefnum sínum. Þjónusta Foreldrahúss dregur jafnframt úr kostnaði samfélagsins til lengri tíma lítið.

7. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins um skimun fyrir áföllum og tengslaröskunum meðal barna og ungmenna í grunnskólum Reykjavíkur, sbr. 13. lið fundargerðar velferðarráðs frá 6. maí 2026, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 14. september 2026. VEL26050004.
Vísað frá.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi þess að heilbrigðisráðuneytið er þegar með málið til skoðunar og unnið er að mati á fyrirkomulagi skimunar, teljum við rétt að vísa tillögunni frá að sinni. Þegar niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir getum við metið hvort og með hvaða hætti ástæða sé til að taka málið upp að nýju.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingarinnar tekur heilshugar undir markmið tillögunnar um að skapa börnum öruggt tækifæri til að segja frá áföllum, þ.m.t. ofbeldi, og tryggja þeim viðeigandi stuðning. Heilbrigðisráðuneytið hefur á síðustu árum undirbúið skimun fyrir ofbeldi meðal grunnskólabarna sem hefst í október næstkomandi. Vandað

hefur verið til verka og verður skimunin felld inn í reglubundin samtöl skólahjúkrunarfræðinga við nemendur í 7. og 9. bekk. Þar verður börnum skapað eðlilegt og öruggt rými til að ræða líðan sína, öryggi og mögulega reynslu af ofbeldi. Jafnframt eru tryggð fagleg viðbrögð þegar frásögn barns gefur tilefni til og búin hafa verið til úrræði þar sem börn fá aðstoð. Samfylkingin fagnar þessum mikilvægu framförum í þágu barna og þolenda ofbeldis. Í ljósi þessa er ekki þörf á að Reykjavíkurborg komi á fót sérstöku skimunarferli að sinni.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um árangursmælikvarða í virkniþjónustu:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skilgreina grunnstöðu, þjónustuviðmið og árangursmælikvarða fyrir virkniþjónustu Reykjavíkurborgar, einkum fyrir einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð. Dregin verði upp heildstæð mynd af núverandi þjónustu, meðal annars fjölda einstaklinga í virkniúrræðum, fjölda á biðlista, biðtíma eftir mismunandi úrræðum, nýtingu úrræða og hversu stórt hlutfall þeirra sem vísað er í virkni hefur hana. Jafnframt verði skilgreindir mælikvarðar sem sýna framvindu og árangur þjónustunnar, svo sem hversu margir færast í aukna virkni, nám, starfsendurhæfingu eða atvinnu og hversu lengi einstaklingar nýta einstök úrræði. Á grundvelli grunnstöðunnar verði sett skýr og mælanleg þjónustuviðmið og markmið um þann árangur sem stefnt er að. Einnig verði metið hvort núverandi framboð virkniúrræða endurspegli þarfir þeirra sem fá þjónustu og hvar þjónustubíll eða flöskuhálsar eru til staðar. Niðurstöður verði lagðar fyrir velferðarráð og mælikvarðarnir nýttir reglulega til að fylgjast með þróun þjónustunnar. VEL26090004.

Samþykkt.

Fulltrúar Miðflokksins og Vinstrisins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fram undan eru umfangsmiklar breytingar á skipulagi velferðarsviðs þar sem horfið verður frá landfræðilegu miðstöðvafyrirkomulagi í átt að stærri og samræmdari fagteymum. Breytingarnar skapa tækifæri til að þróa virkniþjónustuna samhliða og tryggja samræmdari þjónustu óháð búsetu. Mikilvægt er að ákveða fyrirfram hvernig árangur breytinganna verður mældur. Því er lagt til að skilgreind verði grunnstaða virkniþjónustunnar og skýrir mælikvarðar, meðal annars um biðtíma, nýtingu úrræða, þjónustubíll og hversu margir hefja virkni eftir tilvísun. Jafnframt þarf að fylgjast með því hvernig einstaklingum farnast og hvort þjónustan leiði til aukinnar virkni og, þar sem það á við, náms, starfsendurhæfingar eða atvinnu. Með samræmdara skipulagi skapast betri forsendur til að bera saman árangur, greina hvað virkar og beina fjármunum og þjónustu þangað sem þörfin er mest. Markmiðið er að breytingarnar skili ekki aðeins nýju skipulagi heldur mælanlega betri þjónustu og fleiri árangursríkum leiðum til virkni.

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um eftirfylgni með áhrifum breytinga á atvinnuleysistryggingum á þjónustu Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að fylgjast sérstaklega með áhrifum breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar á fjárhagsaðstoð og aðra þjónustu Reykjavíkurborgar. Skilgreind verði grunnstaða og komið á reglulegri eftirfylgni

með fjölda einstaklinga sem leita til Reykjavíkurborgar eftir að bótarétti lýkur eða vegna þess að skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum eru ekki uppfyllt. Fylgst verði meðal annars með áhrifum á fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning, ráðgjöf og virkniúrræði. Raunþróun kostnaðar og fjölda þjónustuþega verði borin saman við þær forsendur og sviðsmyndir sem settar voru fram í umsögn Reykjavíkurborgar um lagabreytingarnar. Niðurstöður verði lagðar fyrir velferðarráð eftir því sem við á og nýttar við fjárhagsáætlanagerð sem og í samskiptum við ríkið um fjármögnun og ábyrgð. Markmiðið er að fá skýra mynd af því hvort og að hvaða marki breytingar á atvinnuleysistryggingakerfi ríkisins leiða til aukinnar þjónustuparfar og kostnaðar hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26090005.
Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Breytingar á atvinnuleysistryggingakerfi ríkisins kunna að hafa bein áhrif á bæði þjónustuþörf og útgjöld Reykjavíkurborgar. Við meðferð lagabreytinganna var sérstaklega varað við því að styttra bótatímabil og breytt skilyrði bótaréttar gætu leitt til þess að fleiri einstaklingar leituðu í fjárhagsaðstoð og aðra þjónustu sveitarfélaga. Fyrir liggja þegar sviðsmyndir um möguleg fjárhagsleg áhrif. Næsta skref er því ekki að gera fleiri áætlanir um hvað gæti gerst heldur að mæla hvað gerist í raun. Með tillögunni verður fylgst með fjölda einstaklinga sem leita til borgarinnar í kjölfar breytinganna, þróun útgjalda og áhrifum á fjárhagsaðstoð, húsnæðisstuðning, ráðgjöf og virkniúrræði. Jafnframt er mikilvægt að fylgjast með því hvernig einstaklingunum farnast og hvort þeir komist áfram í atvinnu, nám, starfsendurhæfingu eða önnur viðeigandi úrræði. Breytingar á kerfi ríkisins eiga ekki að leiða til ósýnilegs og ófjármagnaðs kostnaðarflutnings yfir á sveitarfélög. Með markvissri eftirfylgni fást gögn til að meta bæði félagsleg og fjárhagsleg áhrif breytinganna og tryggja að ábyrgð og kostnaður séu sýnileg þar sem þau falla til.

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stöðumat, greiningu á flæði og árangri í þjónustu við heimilislaust fólk:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að gera stöðumat á flæði einstaklinga í þjónustu við heimilislaust fólk, með sérstakri áherslu á leiðir úr neyðar- og tímabundnum úrræðum yfir í sjálfstæðari og varanlega búsetu, og skilgreina samhliða mælikvarða til að fylgjast með þróun og árangri þjónustunnar. Byggt verði á fyrirliggjandi gögnum og þarfagreiningum vegna neyðarskýla, tímabundins húsnæðis og íbúðakjarna. Sérstaklega verði skoðað hversu lengi einstaklingar dvelja í tímabundnum úrræðum, hversu stór hópur festist þar vegna skorts á viðeigandi næsta úrræði og hvaða hindranir standa í vegi fyrir því að fólk færist í sjálfstæðari og varanlega búsetu. Greint verði hvaða þjónustu- og húsnæðisúrræði skortir til að bæta flæðið. Jafnframt verði fylgst með því hvernig einstaklingum farnast eftir flutning í varanlega búsetu, hvort búsetan haldist og hvort stuðningur og eftirfylgni eftir flutning mæti þörfum þeirra. Greindir verði þættir sem geta ógnað búsetufestu og lagðar fram tillögur að úrbótum. Skilgreind verði grunnstaða og mælanleg markmið, meðal annars um bið, dvalartíma, flæði milli úrræða og búsetufestu. Gögn og skilgreiningar verði eftir því sem unnt er samanburðarhæf við eldri kortlagningar á heimilisleysi í Reykjavík. Markmiðið er að tímabundin

úrræði séu raunverulega tímabundin og að árangur þjónustunnar felist ekki aðeins í því að fólk fái húsnæði heldur að það geti haldið heimili til framtíðar.

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL26090007.

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstreisins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

- Kl. 14:58 vikur Ingunn Rós Kristjánsdóttir af fundinum og Albert Guðmundsson tekur sæti á fundinum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Góð þjónusta við heimilislaust fólk snýst ekki aðeins um að tryggja neyðarúrræði heldur að skapa raunhæfa leið úr tímabundnum úrræðum yfir í örugga og varanlega búsetu. Mikilvægt er að greina hvar fólk festist í þjónustukerfinu, hvers vegna og hvaða húsnæðis- eða þjónustuúrræði skortir til að fólk geti komist áfram. Reykjavíkurborg býr nú yfir betri og reglulegri gögnum um heimilisleysi í Reykjavík, en það skortir tilfinnanlega að fá heildaryfirsýn yfir stöðuna á landsvísu, verkefni sem ætti að vera á hendi félagsmálaráðuneytisins. Með tillögunni er lögð áhersla á að nýta gögn Reykjavíkurborgar til að skilgreina grunnstöðu og mælikvarða á bið, dvalartíma, flæði milli úrræða og búsetufestu. Jafnframt verði skorað á félagsmálaráðuneytið að greina stöðuna og leggja fram gögn um heimilisleysi á Íslandi og þjónustu við þann viðkvæma hóp. Sambærileg gögn eru aðgengileg í öðrum ríkjum sem Ísland ber sig saman við. Árangurinn felst þó ekki aðeins í því að einstaklingur fái húsnæði. Mikilvægt er að fylgjast með hvernig fólki farnast eftir flutning, hvort búsetan haldist og hvort stuðningur og eftirfylgni sé nægileg. Markmiðið er að tímabundin úrræði séu raunverulega tímabundin og að þjónustan styðji fólk alla leið í varanlega og farsæla búsetu.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingarinnar styður að bæta yfirsýn yfir flæði og árangur í þjónustu við heimilislaust fólk. Mikilvægt er þó að hafa í huga að gögn um fólk sem nýtur þegar þjónustu gefa ekki ein og sér heildarmynd af umfangi heimilisleysis, enda ná þau ekki til fólks sem býr við falið heimilisleysi eða ótryggt húsnæði og er ekki í þjónustu. Reykjavíkurborg hefur hingað til gert heildarkortlagningu sem nær til allra þessara hópa og gefur nauðsynlega innsýn fyrir stefnumótun í málaflokknum. Mikilvægt er að þessu verði haldið áfram annað hvort á vettvangi borgarinnar eða með stærri kortlagningu sem tekur til fleiri sveitarfélaga eða landsins alls.

11. Lagt er til að Magnea Gná Jóhannsdóttir taki sæti í stjórn Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir hönd Reykjavíkurborgar í stað Guðnýjar Maju Riba. VEL26090008.
Samþykkt.
12. Lagt er til að Magnea Gná Jóhannsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, taki sæti í styrkjahópi velferðarráðs. VEL26080152.
Samþykkt.

13. Lagt fram svar sviðsstjóra, dags. 14. september 2026, við fyrirspurn fulltrúa Vinstrisins um fjölda þeirra sem sækja miðstöðvar Reykjavíkurborgar, sbr. 19. lið fundargerðar velferðarráðs frá 13. ágúst 2026. VEL26080055.
14. Lagður fram að nýju 1. liður fundargerðar velferðarráðs frá 2. september 2026, kynning á 6 mánaða uppgjöri velferðarsviðs í janúar- júní 2026, sem bókað var um í trúnaðarbók velferðarráðs. VEL26080090.

Við afgreiðslu málsins voru eftirfarandi bókanir færðar í trúnaðarbók velferðarráðs:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sex mánaða uppgjörið sýnir að nýr meirihluti tók við velferðarsviði þar sem verulegt misræmi er milli fjárheimilda og raunverulegs kostnaðar við þjónustuna. Eftir aðeins hálft ár er reksturinn um 1,5 milljarði króna umfram fjárheimildir. Slík þróun er ekki sjálfbær. Á velferðarsviði fer fram umfangsmikil og mikilvæg þjónusta og starfsfólk vinnur daglega að því að bæta lífsgæði borgarbúa. Vandinn er ekki að velferðarþjónusta kosti peninga, heldur að fjárhagsáætlanir og raunverulegur kostnaður hafa ekki farið saman. Fjárhagsáætlun getur ekki verið óskalisti sem vitað er að muni ekki standast. Hún verður að endurspegla þá þjónustu sem borgin ætlar að veita og raunverulegan kostnað við hana. Uppgjörið varpar jafnframt ljósi á þann vanda sem skapast hefur vegna vanfjármögnunar ríkisins á þjónustu við fatlað fólk og börn með fjölþættan vanda. Sveitarfélög eiga ekki að þurfa að bera þann kostnað ein og sitja uppi með hallann sem af því hlýst. Þess vegna þarf að fara kerfisbundið yfir reksturinn, greina kostnaðarþróun, einfalda stjórnsýslu og skipulag, bæta nýtingu fjármuna og beina þeim í auknum mæli að þjónustunni sjálfri. Jafnframt þarf að draga skýrt fram þann kostnað sem fellur á borgina vegna þjónustu og biðlista sem eru á ábyrgð ríkisins. Það er ábyrgðarhluti að byggja velferðarþjónustu borgarinnar á traustum fjárhagslegum grunni.

Fulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Reglubundinn rekstur velferðarsviðs án bundinna liða fyrstu þrjá mánuðina árið 2026 var 6,9% umfram fjárhagsáætlun eða sem nam 1.527 milljónum króna. Þegar þessi heildarniðurstaða er greind nánar kemur í ljós að annar rekstrarkostnaður var 1.486 milljónum króna umfram fjárheimildir eða sem nemur 16,4%. Þessi frávik í öðrum rekstrarkostnaði eru fyrst og fremst skýrð af vistgreiðslum vegna einstaklinga með fjölþættan vanda, þar sem vistgreiðslur vegna barna voru 423 m.kr. umfram fjárheimildir og vistgreiðslur vegna ungmenna 18 ára og eldri voru 518 m.kr. umfram fjárheimildir. Þessi tiltekni halli, í samanburði við áætlun, skýrist af því að Reykjavíkurborg er að taka að sér verkefni sem íslenska ríkið á að sinna. Útkoma af þessu tagi er ekki í lagi fyrir rekstur borgarinnar. Fyrir utan þessa hefðbundnu og fyrirsjáanlegu rekstrarerfiðleika velferðarsviðs, sökum slægra samninga við ríkið, þá vegur einnig þungt að loka þurfti framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi í byrjun rekstrartímabilsins og kaupa matarþjónustu annars staðar frá. Við það urðu útgjöld á annað hundrað milljónum króna hærri en áætlað var. Samfélagslegt mikilvægi matarþjónustunnar er afar brýnt og full þörf er á að forgangsraða fjármunum í þágu notenda hennar.

15. Lagt fram að nýju yfirlit yfir innkaup á velferðarsviði yfir 10 m.kr. í júlí 2025-júní 2026, sem fært var í trúnaðarbók velferðarráðs, sbr. 2. lið fundargerðar velferðarráðs frá 2. september 2026. VEL26090092.

16. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs. VEL26010020.
17. Samþykkt að taka á dagskrá svohljóðandi ályktunartillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Viðreisnar, Vinstreisins og Framsóknarflokksins:

Fulltrúar Viðreisnar, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Vinstreisins og Miðflokksins í velferðarráði Reykjavíkurborgar skora á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að endurskoða áform um að fella niður 1,1 milljarðs króna árlegt viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Sú staðreynd að fimm ár séu liðin frá gildistöku laganna þýðir ekki að innleiðingu þeirra sé lokið. Þvert á móti komst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu í júní 2026 að innleiðingu og framkvæmd laganna hefði að ýmsu leyti verið ábótavant og að ekki væru enn fyrir hendi fullnægjandi forsendur til að ná meginmarkmiði þeirra um samþætta, samfellda og viðeigandi þjónustu við börn og fjölskyldur. Enn skortir úrræði, bið eftir þjónustu er víða löng og innleiðingu samþættrar þjónustu fyrir börn með hvað mestar og flóknastar þarfir er ekki lokið. Í ofanálag er kostnaður vegna 3. stigs þjónustu við börn með fjölþættan vanda að falla á sveitarfélögin þrátt fyrir samkomulag frá 2025 um að ábyrgð á málaflokknum færðist yfir til ríkis. Því er staða barnanna sem eru í mestum vanda nær óbreytt. Þá liggja hvorki fyrir fullnægjandi árangursmælikvarðar né skýr mynd af fjárförum til framtíðar. Fulltrúarnir telja því ótímabært að draga fjármögnun til baka. Innleiðing farsældarlaganna er umfangsmikið breytingaverkefni sem krefst áframhaldandi stuðnings, samhæfingar og fjármögnunar. Verði framlagið fellt niður án þess að annað varanlegt fjármagn komi í staðinn mun kostnaður færast yfir á sveitarfélögin og sú uppbygging sem þegar hefur átt sér stað veikjast. Fulltrúarnir leggja áherslu á að tryggt verði endurmat á kostnaði vegna farsældarlaganna svo ekki endurtaki sig sú atburðarás sem varð við yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga, þar sem endurmati á kostnaði fylgdi ekki nægilegt fjármagn. Tímamörk fjárveitingar mega ekki ráða för þegar verkefninu sjálfu er ólokið. Fulltrúarnir fara því fram á að 1,1 milljarðs króna framlaginu verði áfram viðhaldið þar til fyrir liggur heildstætt mat á innleiðingu laganna, raunverulegum kostnaði sveitarfélaga og þeirri varanlegu fjármögnun sem nauðsynleg er til að markmið farsældarlaganna náist. VEL26090077.

Samþykkt.

Fulltrúi Samfylkingarinnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingarinnar deilir áhyggjum af því að innleiðingu farsældarlaganna sé ekki lokið og telur mikilvægt að sveitarfélögin njóti áfram stuðnings við verkefnið. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ríkið beinir nú auknu fjármagni að þjónustu og úrræðum fyrir börn. Framlagið til Jöfnunarsjóðs var tímabundið framlag til innleiðingar sem hefur þegar verið framlengt um tvö ár umfram upphafleg áform. Ríkisendurskoðun hefur bent á að skortur á þjónustu og úrræðum og löng bið eftir þeim sé það sem standi fyrst og fremst í vegi fyrir því að markmið farsældarlaganna náist. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2027 er auknu fjármagni beint að þjónustu og úrræðum fyrir börn: Framlag til Barna- og fjölskyldustofu hækkar um einn milljarð króna, 400 milljónir bætast við þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, 350 milljónir fara í að stytta bið eftir þjónustu og 800 milljónir í að styrkja þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Jafnframt er áfram gert ráð fyrir stuðningi við svæðisbundin farsældarráð, tengiliði og málstjóra. Þessi breytta forgangsroðun svarar að hluta

gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Sveitarfélögin þurfa þó áfram stuðning við innleiðinguna en mikilvægt er að ríki og sveitarfélög meti sameiginlega raunverulega fjárför og tryggi að fjármagn nýtist þar sem þörfin er mest.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Miðflokksins fagnar því að skorað sé á ríkisstjórn Íslands að endurskoða áform sín um að fella niður viðbótarframlag til innleiðingar farsældarlaganna. Ljóst er að innleiðingu laganna er ekki lokið og því ótímabært að draga fjármögnun verkefnisins til baka. Í stað þeirrar einföldunar og samþættingar sem stefnt var að virðist framkvæmdin víða hafa skapað fleiri snertifleti, aukið flækjustig og kallað á frekari stjórnsýslu án þess að börn og fjölskyldur fái að sama skapi hraðari eða betri þjónustu. Sérstaklega er alvarlegt að börn með mestar og flóknastar þjónustubarfir skuli enn ekki njóta samþættrar þjónustu í sama mæli og önnur börn. Skilgreina þarf skýra ábyrgð, fækka óþarfa milliliðum og snertiflötum, mæla raunverulegan árangur og tryggja að fjármunir nýtist fyrst og fremst í beina þjónustu við börn og fjölskyldur.

18. Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvar verða málefni sem snúa að forvörnum barna og unglunga staðsett í nýju skipuriti velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs? VEL26090074.

Fundi slitið kl. 16:00

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir
Kristín Kolbrún Waage Kolbeinsdóttir
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Albert Guðmundsson
Magnea Gná Jóhannsdóttir
Róbert Ragnarsson